

Forgangsröðun umsókna um nýliðunarstuðning

Byggir á heimild 16. gr. reglugerðar nr. 430/2021 um almennan stuðning við landbúnað

Hámarks stigafjöldi umsóknar er 25 stig. Umsóknir eru flokkaðar í þrjá forgangshópa:

- Forgangshópur 1: 18 -25 stig
- Forgangshópur 2: 13 -17 stig
- Forgangshópur 3: 1 -12 stig

Fjármagni er fyrst úthlutað til forgangshóps eitt, ef allir innan hans hafa fengið hámarksstuðning skv. 17. gr. reglugerðarinnar er eftirstandandi fjármagni úthlutað til forgangshóps tvö. Ef forgangshópur 2 hefur fengið hámarksstuðning og fjármagn eftir, er eftirstöðvum úthlutað til forgangshóps þrjú.

Hjón/sambúðaraðilar standa sem einstaklingar að umsókn.

A. Menntun – hámark 11 stig

Stigahæsta menntun gildir

- Umsækjandi hefur lokið viðurkenndu námi í búfræði eða garðyrkju og framhaldsnámi á sviði landbúnaðar 10 stig
- Umsækjandi hefur lokið framhaldsnámi á sviði landbúnaðar við viðurkenndan háskóla 9 stig
- Umsækjandi hefur lokið búfræðinámi og grunnnámi 8 stig
- Umsækjandi hefur lokið grunnnámi við viðurkenndan háskóla á sviði landbúnaðar, 8 stig
- Umsækjandi hefur lokið viðurkenndu námi í búfræði eða garðyrkju 6 stig
- Umsækjandi hefur lokið öðru framhaldsnámi við viðurkenndan háskóla 5 stig
- Umsækjandi hefur lokið grunnnámi við viðurkenndan háskóla 5 stig
- Umsækjandi er með viðurkennda iðnmenntun 2 stig
- Umsækjandi er með stúdentspróf sem hæsta menntunarstig 0 stig
- Umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði um menntun hér að ofan

Sveinspróf í iðngrein gefur 1 stig ofan á aðra menntun, þó ekki iðnmenntun.

B. Jafnréttissjónarmið - hámark 2 stig

Umsækjandi fær stig í öfugu hlutfalli við kynjahlutdeild sína í umsækjendahópi. Dæmi: Ef konur eru 40% umsækjenda fá konur tvö stig, en karlmenn eitt stig eftir samsetningu umsóknarhóps hverju sinni.

C. Heildarmat á umsókn – hámark 12 stig

- Mat á rökstuðningi umsóknar
 - Viðunandi rökstuðningur 1 stig
 - Óviðunandi rökstuðningur 0 stig
- Mat á 5 ára rekstraráætlun og niðurstöðu hennar (framlegð)
 - Framlegð jákvæð 2 stig
 - Framlegð neikvæð 0 stig
- Mat á eignarhlut
 - 80-100% 3 stig
 - 40-79,9% 2 stig
 - 25-39,9% 1 stig
- Mat á starfsreynslu í landbúnaði frá 14 ára aldri
 - 12+ ár 6 stig
 - 10-11 ár 5 stig
 - 7-9 ár 4 stig
 - 5-6 ár 3 stig
 - 2-4 ár 2 stig
 - 1-2 ár 1 stig
 - Engin starfsreynsla 0 stig